



FÉL FR1A05 – Almenn félagsfræði

Námsáætlun, vorönn 2024

Kennari/kennarar:

Unnur Gísladóttir

Netfang/netföng:

unnur.gisladottir@borgo.is

Lýsing:

Í áfanganum er fjallað um gagnvirk áhrif einstaklings og samfélags. Nemendur kynna því hvernig félagsfræðin skoðar samband einstaklings og samfélags. Nemandinn tileinkar sér helstu hugtök félagsfræðinnar svo sem gildi, viðmið, félagslegt taumhald, hnattvæðing, fjölmening, hlutverk, staða, sjálfmynd og notar þau til að greina umhverfi sitt nær og fjær. Fjallað er um þróun íslensks samfélags og megineinkennum þess lýst. Sérstök áhersla er lögð á að fjalla um menningarlegt umhverfi, félagsmótun einstaklingsins almennt, málefni fjölskyldunnar, kynhlutverk og mikilvægi stjórn mála í síbreytilegum heimi. Þá er fjallað að hluta um félagsfræðina sem fræðigrein og námsgrein og helstu frumkvöðlar hennar eru kynntir.

Þekking, leikni, hæfni:

- Að nemandinn öðlist þekkingu og skilning á grunnhugtökum félagsfræðinnar, uppruna hennar og þróun og tengslum hennar við daglegan veruleika.
- Að nemandinn þjálfist í að afla upplýsinga um samfélagsleg og menningarleg málefni og geti greint þau með félagsfræðilegum hætti.
- Að nemandinn geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að auka hæfni sína til samskipta og tjáningar.
- Að nemandinn temji sér að setja sig í spor annarra og virði mannréttindi og siðferðileg gildi.
- Að nemandinn hafi grunn til að byggja á til áframhaldandi náms í félagsfræðum.

Námsmat:

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku.

Fjögur hlutapróf – 40% (hvert próf gildir 10%)

Verkefnavinna – 50% Verkefni úr einstaka efnispáttum, verkefni eru fimm talsins (hvert gildir 10%)

Kennaramat – 10% Kennari heldur utan um virkni, þátttöku og undirbúning nemenda sem og verkefni sem unnin eru í tíma.

Námsgögn:

Kemur félagsfræðin mér við? Björn Bergsson, Nína Rós Ísberg, Stefán Karlsson. IDNÚ 2015
Auk ítarefnis á INNU.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

1. Kennari áskilur sér rétt til að spyrja nemenda munnlega út í skriflega skiluð verkefni – leiki grunur á að nemandinn hafi ekki að öllu leyti unnið verkefnið sjálfur. Nemandi getur fengið aðstoð við verkefni en þarf að skilja inntakið að öllu leyti og geta gert grein fyrir því munnlega við kennara undir fjögur augu.

2. Athugið sérstaklega, gerist nemandi uppvís að því að skila verkefni sem nemandinn er ekki höfundur að eða hefur ekki unnið sjálfur, getur viðkomandi átt það á hættu að vera vísað úr áfanganum. Notkun gervigreindar (AI) við verkefnaskil verða rædd sérstaklega og kennari gefur skýrar leiðbeiningar um hvað telst til svindls eða ranginda í verkefnaskilum.
3. Undir engum kringumstæðum verður tekið við verkefnum í tölvupósti til kennara. Ef nemandi hefur ekki skilað verkefnum á tilsettum tíma verður möguleiki að taka það samtal upp í vörðuviðtali.
4. Gerð er krafa um að fjöldi almennra og óútskýrðra fjarvista fari ekki upp fyrir 10. Námið byggir að miklu leyti á þjálfun í gagnrýnni hugsun og samtali um efnisþætti áfangans og því er nauðsynlegt að nemendur mæti mjög vel til að ná hæfnimarkmiðum áfangans. Hafi nemandi ítrekaða fjarvist sökum veikinda, verður sú staða sérstaklega rædd. Fari fjöldi fjarvista yfir 10 verður nemandi vísað úr áfanganum.
5. Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5. jan.	Velkomin í félagsfræði	
2	8. - 12. jan.	Efni áfangans kynnt, hópurinn skoðaður og menning skoðuð	
3	15. - 19. jan.	Kafli 2: Menning	
4	22. - 26. jan.	Kafli 2: Menning – Verkefni I	Verkefni 1 (10%)
5	29. jan. - 2. feb.	Kafli 2: Menning – Hlutapróf I	Hlutapróf 1 (10%)
6	5. - 9. feb.	Kafli 3: Samfélagið	Skóhlífadagar Undirb./úrv.
7	12. - 16. feb.	Kafli 3: Samfélagið – Verkefni II	Vörðuvika I Verkefni 2 (10%)
8	19. - 23. feb.	Kafli 3: Samfélagið – Nemendur undirbúa sig fyrir próf	Vorhlé mánudag og þriðjudag.
9	26. feb. – 1. mars.	Kafli 3: Samfélagið – Hlutapróf II / Kafli 4: Félagsmótun	Hlutapróf 2 (10%)
10	4. - 8. mars	Kafli 4: Félagsmótun	
11	11. - 15. mars.	Kafli 4: Félagsmótun / Kafli 5: Fjölskyldan	
12	18. - 22. mars	Kafli 5: Fjölskyldan – Verkefni III /Hlutapróf III	Undirb./úrv. Vörðuvika II.
13	25. mars - 1. apr.	PÁSKALEYFI	
14	2. – 5. apr.	Kafli 6: Stjórnsmál	
15	8. – 12. apr.	Kafli 6: Stjórnsmál – Verkefni IV	Verkefni 4 (10%)
16	15. - 19. apr.	Kafli 6: Stjórnsmál – Hlutapróf IV	Hlutapróf 4 (10%)
17	22. – 26. apr.	Kafli 7: Trúarbrögð	Sumardagurinn fyrsti
18	29. apr. – 3. maí	Kafli 7: Trúarbrögð	Dagur verkalyðsins
19	6. – 10. maí	Kafli 6 & 7 - Verkefni 5	Uppstigning.dagur Verkefni 5 (10%)
20	13.-17. maí	Uppsóp & frágangur	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.